

Foreldrafélag Áslandsskóla  
Kt. 510402-2510  
Kríuási 1, 221 Hafnarfjörður

Fræðsluráð Hafnarfjarðar  
Magnús Baldursson, fræðslustjóri  
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 4. apríl 2013

## Erindi: Kennslustofur vantar í Áslandsskóla

Árið 2001 var Áslandsskóli tekinn í notkun og á þessum árum sem liðin eru hefur nemendafjöldi skólans sprengt utan af sér húsnæðið. Í dag eru nemendur um 550. Hverfið er ekki fullbyggt og enn eru fjölskyldur að flytja í hverfið. Skólayfirvöld Áslandsskóla og foreldrafélag Áslandsskóla hafa á undanfórnum árum lagt fram margar fyrirspurnir og sent bæjaryfirvöldum nokkur bréf, áskoranir og undirskriftarlista er varða húsnæðisvanda Áslandsskóla.

Leysa þarf úr húsnæðisvanda Áslandsskóla strax. Langtímaúrræði eins og viðbótarbygging með fjórum kennslustofum og íþróttasal er besta lausnin til langs tíma lítið. Samkvæmt líklegri þróun á fjölgun nemenda í skólahverfi Áslandsskóla sem gerð var 20. ágúst 2010 af sviðstjóra fræðsluvið segir „Í Áslandsskóla eru 22 almennar kennslustofur og er skólinn byggður sem tveggja hliðstæðu skóli með um 450-500 nemendum. Eigi upptökusvæði skólans að vera óbreytt þarf viðbótarhúsnæði þar til frambúðar.“ Skyndilausnir eru engan veginn ásættanlegar þegar tekið er tillit til nemendapróunar til ársins 2017. Samkvæmt nýrri áætlaðri fjölgun barna á grunnskólaaldri í Áslandshverfi (gerð í febrúar/mars 2012) er mikil þörf á viðbótar skólahúsnæði en fjölgun barna frá árunum 2012-2017 sýna að fjöldi barna fari upp í tæp 650 börn árið 2017. Aukningin er um 100 börn sem sýnir hversu brýnt það er að finna framtíðarlausn á húsnæðisvanda Áslandsskóla hið fyrsta.

En hvernig er staðan? Þennan skólavetur (2012-2013) hefur fyrirlestrarsalur verið notaður sem heimastofa bekkjar í unglingadeild og þjónar því alls ekki tilgangi sínum sem lagt var upp með. Kennslustofa við frístundaheimili er nýtt sem heimastofa bekkjar og nýtist því ekki undir starfsemi frístundaheimilisins að því marki sem lagt var upp með í upphafi. Auk þess er rými frístundaheimilisins minna að sama skapi þrátt fyrir fjölgun barna á yngsta stigi. Náttúrufræðistofa er nýtt sem heimastofa bekkjar og er þar af leiðandi ekki hentug sem slík vegna ýmissa tækja og tóla sem þar eru. Lítið eldhús á efri hæð sem ætlað er til heimilisfræðikennslu er heimastofa bekkjar og nýtist því ekki í list- og verkgreinakennslu. Tónmenntastofa er heimastofa bekkjar og kennsla í tónmennt þvi á víð og dreif um húsið, m.a. í hátíðarsal sem jafnframt er mikið notaður vegna morgunstunda og ýmissa fræðsluheimsókna. Matartíminn er þrískiptur í Áslandsskóla sem þýðir að ónæði berst inn í hátíðarsalinn og ótækt að kenna þar vegna þessa. Eitt hópherbergja er notað sem skrifstofa námsráðgjafa sem leiðir til þess að minni aðstaða er fyrir kennara að fara með lítinn hóp nemenda afsíðis í verkefni.

Vandi þessa skólaárs (2012-2013) var leystur með byggingu á þremur færanlegum kennslustofum á skólalóðinni. Þær voru ekki teknar í notkun FYRR EN í janúarlök 2013. Það er þó staðreynd að næsta haust (skólaárið 2013-2014) mun vanta tvær skólastofur til viðbótar við þessar þrjár sem komu í janúar. Haustið 2014 mun vantar þrjár til viðbótar – og verða það átta færanlegar kennslustofur á skólalóð Áslandsskóla til að taka við þeim fjölda nemenda sem þar sækja skóla. Eru færanlegar kennslustofur viðunnandi lausn í skóla sem fer stækkandi ár frá ári? Nú þegar er búið að þrengja verulega að leiksvæði barnanna hvað þá ef átta færanlegar kennslustofur eru á skólalóðinni, verður þá nægjanlegt leikrými á skólalóðinni til staðar?

Foreldrar gleðjast yfir þeirri ákvörðun fræðsluráðs að auka skiptistundum í list- og verkgreinum um eina skiptistund frá og með hausti 2013. Þessi auka skiptistund hefur í för með sér að enn meiri þörf er á að list- og verkgreinastofur Áslandsskóla séu nýttar sem slíkar en ekki sem heimastofur bekkja. Ef ekkert verður að gert verður staðan í Áslandsskóla hin sama og haustið 2012. List- og verkgreinastofur verða nýttar sem heimastofur bekkja sem og hátíðarsalur og fyrirlestrarsalur. Húsnæðisvandinn mun því einnig koma í veg fyrir að hægt verði að uppfylla viðmiðunarstundarskrá í list- og verkgreinakennslu.

Húsnæðisvandi Áslandsskóla leiðir til vandamála er varða bekkjarstærðir og spyrjum við hvort starf verður faglegra eftir því sem fleiri nemendur eru á kennara? Verður kennslan betri eftir því sem aukið álag er sett á kennara? Verða námsskilyrði barna betri ef skólastofurnar eru þéttsetnar, loftlausar og engin tækifæri eru til að athafna sig eins og staðan er í list- og verkgreinastofunum? Hópavinna nemenda er mikilvæg í námi þeirra en heimastofa eins bekkjarins í fyrirlestrarsalnum gerir hópavinnu nemenda illmögulega. Hópavinna nemenda er einnig lítt möguleg ef vinnuherbergi eru nýtt sem aðstaða kennara.

Sparkvöllur, sem okkur hefur verið lofað, hefur ekki verið reistur við skólann þar sem viðbótarbygging kallar á endurskipulagningu skólalóðar. Því þurfa börn í hverfinu að sækja sparkvelli í önnur hverfi með tilheyrandi óþægindum.

Íbúar í Áslandi hafa fest kaup á húsnæði m.a. svo börnin þeirra færu í Áslandsskóla. Fyrir nokkru síðan gerði Hafnarfjarðarbær símakönnun meðal íbúa í Áslandi 3 um hvort þeir myndu vilja setja börnin sín í Setbergsskóla þar sem Áslandsskóli væri orðinn fullsetinn. Rúmlega 90% aðspurðra svöruðu því neitandi. Það er ekki lausn að flytja nemendur í annað skólahverfi. Viðbótarhúsnæði þarf að byggjast við Áslandsskóla hið fyrsta.

Ef þetta er dregið saman þá mun húsnæðisvandi Áslandsskóla leiða til vandamála t.d. er lítur að bekkjarstærð, lengd stundartöflu og uppfylling á viðmiðunarstundarskrá. Húsnæðisvandi Áslandsskóla hefur líka áhrif á líðan barna, kennara og starfsfólk skólans sem og starfsemi frístundaheimilisins.

Af þessu má sjá að það er staðreynd að nemendur við Áslandsskóla sitja ekki við sama borð og aðrir grunnskólanemendur í Hafnarfirði hvað varðar skólahúsnæði og lengd skóladags. Í 6. gr. laga um grunnskóla 2008/nr.91 segir um skólanefnd að meginhlutverk hennar sé „að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,“ og hinsvegar í 13. gr. sömu laga um rétt nemenda segir „Grunnskóli er vinnustaður nemenda. Allir nemendur grunnskóla eiga rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan.“ Í *Skólastefnu*

Hafnarfjarðar (2009, bls. 11) stendur jafnframt að „Skólalóðir eru hluti af námsumhverfi skólanna og skulu taka mið af nemendafjölda viðkomandi skóla. [...] Öll starfsaðstaða nemenda og starfsfólks á að vera aðlaðandi, hvetjandi og vel tækjum búin. [...] Rými sé til staðar í skólum fyrir alla kennslu samkvæmt kröfum í aðalnámskrá.“ Því miður er þessu ekki fyrir að fara í Áslandsskóla. Húsnæðið er of lítið, með enn frekari fjölgun færanlegra kennslustofa verður leiksvæði barna enn þrengra og list- og verkgreinastofur nýtast ekki sem skyldi.

Viðræður milli Hafnarfjarðarbæjar og FM-húsa eiga að vera í gangi, hvar standa þær? Var þráðurinn tekinn upp frá fyrri viðræðum? Hvenær má vænta niðurstöðu úr þeim viðræðum? Hver er heildarraunkostnaður við byggingu, uppsetningu og lokafrágang þessara þriggja færanlegra kennslustofa sem nú þegar eru komnar á lóðina? Hver er áætlaður kostnaður viðbótarhúsnæðis (íþróttahús með fjórum kennslustofum)? Hver er rútukostnaður vegna aksturs í íþróttir á ári? Hvernig verður húsnæðisvandinn leystur fyrir haustið og nánustu framtíð?

Tíminn er að hlaupa frá okkur. Þetta er vandamál sem krefst framtíðarlausnar. Svör óskast í síðasta lagi 29. apríl 2013.

Virðingarfyllt

Stjórn foreldrafélags Áslandsskóla

---

Hólmfríður Sigríður Jónsdóttir

*Hólmfríður Sigríður Jónsdóttir*

Jóhanna S. B. Traustadóttir

*Jóhanna S.B.*

Kristín Dóra Sigurjónsdóttir

*Kristín Dóra Sigurjónsdóttir*

Kristjana Eyjólfsdóttir

*Kristjana Eyjólfsdóttir*

Róbert Rúnarsson

*Róbert Rúnarsson*

---

Stefanía Gunnarsdóttir

*Stefanía Gunnarsdóttir*

Þóra Þráinsdóttir

*Þóra Þráinsdóttir*

Afrit sent bæjarstjóra.